

Farskólinn  
miðstöð símenntunar  
á Norðurlandi vestra  
Ársreikningur 2022

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Faxatorgi

550 Sauðárkrókur

kt. 460993-2379

Sjóður nr. 1743

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2022 var rekstrarniðurstaða neikvæð um 5,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi (2021: -2,2 millj. kr.) og var eigið fé skólans 34,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins (2021: 40,2 millj. kr.).

Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra námu 14,0 millj. kr. á árinu 2022 (2021: 12,5 millj. kr.) . Engin stjórnarlaun voru greidd á árinu 2022. Á árinu störfuðu 4 starfsmenn (2021: 5 starfsmenn) hjá Farskólanum í 3,1 ársverkum (2021: 4,8 ársverk).

Á árinu 2022 tókst ekki að uppfylla þau markmið sem sett höfðu verið fram í starfsáætlun. Ástæður þessa eru meðal annars að enginn náms-starfsráðgjafi fékkst til starfa, starfsmönnum fækkaði um einn og annar fór í nokkurra mánaða veikindaleyfi. Einnig má nefna að á fyrri hluta ársins gætti enn áhrifa heimsfaraldurs Covid.

Framkvæmdastjóri fer reglulega yfir hvað búið er að framkvæma fyrir og hvað er eftir að framkvæma á árinu. Öflun nýrra verkefna, heimsóknir, kynning á námi og námsleiðum fremst á dagskrá hjá starfsmönnum. Ef starfsmönnum tekst að halda þeim verkefnum gangandi sem áætluð eru og afla nýrra verkefna og ef það tekst að ráða náms- og starfsráðgjafa þá eru horfur góðar á því að árið 2023 verði betra en 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 7. júní 2023.

Stjórn:

Guðmundur Finnbogason

Hólmfríður Sveinsdóttir

Hulda Björg Jónsdóttir

Ingileif Oddsdóttir

Hjálmar Björn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 7. júní 2023 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 7. júní 2023.

#### **KPMG ehf.**

Kristján Jónasson

Helgi Níelsson

# Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs .....		29.048.000	27.000.000
Styrkir .....		1.508.600	1.505.600
Tekjur vegna námskeiða og verkefna .....	7	33.884.882	39.924.429
Tekjur vegna háskólanáms .....		66.000	1.986.500
Aðrar tekjur .....		312.020	327.894
	6	<u>64.819.502</u>	<u>70.744.423</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaður vegna námskeiða og verkefna .....		23.345.493	18.621.453
Kostnaður vegna háskólanáms .....		235.171	166.332
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	8	39.102.561	45.503.011
Annar rekstrarkostnaður .....	9	7.993.878	8.098.209
Afskriftir .....	10	582.774	542.648
		<u>71.259.877</u>	<u>72.931.653</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ....</b>		( 6.440.375)	( 2.187.230)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		1.027.106	191.976
Vaxtagjöld .....		( 76.495)	( 84.602)
Gengismunur .....		30.568	( 67.104)
Fjármagnstekjuskattur .....		( 224.035)	( 42.819)
		<u>757.144</u>	<u>( 2.549)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....</b>	11	<u>( 5.683.231)</u>	<u>( 2.189.779)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Áhöld og tæki .....	10	877.157	1.324.940
Fastafjármunir		<u>877.157</u>	<u>1.324.940</u>
Viðskiptakröfur .....		6.407.592	4.037.053
Aðrar skammtímakröfur .....		206.187	186.526
Handbært fé .....		<u>44.320.891</u>	<u>42.996.810</u>
Veltufjármunir		<u>50.934.670</u>	<u>47.220.389</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>51.811.827</u></u>	<u><u>48.545.329</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		34.543.821	40.227.052
Eigið fé	11	<u>34.543.821</u>	<u>40.227.052</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		7.850.792	1.285.882
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	<u>9.417.214</u>	<u>7.032.395</u>
Skammtímaskuldir		<u>17.268.006</u>	<u>8.318.277</u>
Skuldir samtals		<u>17.268.006</u>	<u>8.318.277</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>51.811.827</u></u>	<u><u>48.545.329</u></u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	11	( 5.683.231)	( 2.189.779)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	10	582.774	542.648
Veltufé til rekstrar		( 5.100.457)	( 1.647.131)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 2.390.200)	625.208
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		8.949.729	( 5.651.189)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		6.559.529	( 5.025.981)
Handbært fé frá (til) rekstrar		1.459.072	( 6.673.112)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	10	( 134.991)	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 134.991)	0
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		1.324.081	( 6.673.112)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		42.996.810	49.669.922
<b>Handbært fé í lok ársins</b> .....		44.320.891	42.996.810



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlausn tekna

Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku á greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og aðrir styrkir þeim tengdum eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa ríkir um innheimtu þeirra.

### 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki ..... 3 ár

### 4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnaðsreikningi. Ekki er um að ræða niðurfærslu vegna almennrar tapsáhættu í árslok 2022.

### 5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

### 6. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2022	2021
Framlög frá ríkissjóði:		
Fjárlög, færð sem rekstrarframlag .....	27.500.000	27.000.000
Aukafjárveiting .....	1.548.000	1.772.000
Samtals framlög frá ríkissjóði .....	<u>29.048.000</u>	<u>28.772.000</u>
Framlög frá Rannís og Fræðslusjóði:		
Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga .....	3.336.000	2.800.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða .....	9.736.639	12.033.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna náms- og starfsráðgjafar .....	1.388.000	3.801.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærismats .....	4.490.800	3.002.500
Samtals framlög frá Rannís og Fræðslusjóði .....	<u>18.951.439</u>	<u>21.636.500</u>
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári .....	480.000	3.260.500
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs .....	( 3.728.400)	( 2.323.216)
Samtals .....	<u>15.703.039</u>	<u>22.573.784</u>
Aðrar tekjur:		
Framlög frá stofnaðilum .....	1.508.600	1.505.600
Námskeiðs- og verkefnatekjur .....	18.181.843	17.350.645
Aðrar tekjur .....	378.020	542.394
Samtals aðrar tekjur .....	<u>20.068.463</u>	<u>19.398.639</u>
Samtals rekstrartekjur .....	<u>64.819.502</u>	<u>70.744.423</u>

## Skýringar, frh.:

### 7. Tekjur vegna námskeiða og verkefna

Tekjur vegna námskeiða og verkefna skiptist þannig:	2022	2021
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða .....	9.736.639	12.033.000
Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar .....	1.388.000	3.801.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnimats .....	4.490.800	3.002.500
Framlag Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga .....	3.336.000	2.800.000
Námskeiðs- og verkefnatekjur .....	18.181.843	17.350.645
	<u>37.133.282</u>	<u>38.987.145</u>
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári .....	480.000	3.260.500
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs .....	( 3.728.400)	( 2.323.216)
Samtals tekjur vegna námskeiða og verkefna .....	<u>33.884.882</u>	<u>39.924.429</u>

### 8. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	29.648.733	38.240.217
Launaleiðrétting 2018-2020 .....	0	( 2.594.152)
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	4.117.471	5.158.838
Tryggingagjald .....	2.208.530	2.687.837
Sjúkra- og orlofssjóður .....	1.076.341	1.188.705
Breyting á áunnu orlofi .....	39.019	( 496.354)
Bifreiðastyrkur .....	1.013.790	663.900
Ferðakostnaður .....	250.617	30.066
Annar starfsmannakostnaður .....	748.060	623.954
	<u>39.102.561</u>	<u>45.503.011</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	3,1	4,4
Ársverk .....	3,1	4,8

Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra félagsins námu 14,0 millj.kr. á árinu 2022, (2021: 12,5 millj. kr.)

### 9. Sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2022	2021
Stjórnunarkostnaður .....	3.655.882	3.534.598
Kostnaður vegna tækja og búnaðar .....	923.251	967.472
Húsnæðiskostnaður .....	2.990.649	2.743.222
Skrifstofukostnaður .....	424.096	852.917
	<u>7.993.878</u>	<u>8.098.209</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	<b>Áhöld og tæki</b>
Viðbót á árinu .....	1.867.588
Heildarverð 31.12.2021 .....	1.867.588
Viðbót á árinu .....	134.991
Heildarverð 31.12.2022 .....	2.002.579
Afskrifað samtals 31.12.2021 .....	542.648
Afskriftir ársins .....	582.774
Afskrifað samtals 31.12.2022 .....	1.125.422
Bókfært verð 31.12.2021 .....	1.324.940
Bókfært verð 31.12.2022 .....	877.157
Afskriftahlutföll .....	30%

### 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Óráðstafað eigið fé</b>
Eigið fé 1.1.2021 .....	42.416.831
Rekstrarniðurstaða .....	( 2.189.779)
Eigið fé 31.12.2021 .....	40.227.052
Rekstrarniðurstaða .....	( 5.683.231)
Staða 31.12.2022 .....	34.543.821

### 12. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	4.845.682	4.238.398
Ógreidd launatengd gjöld .....	4.571.532	2.793.997
	<u>9.417.214</u>	<u>7.032.395</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 13. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

<b>Rekstur:</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Rekstrartekjur .....	64.820	70.744	73.708	87.403	74.143
Rekstrargjöld .....	( 71.260)	( 72.932)	( 75.907)	( 78.686)	( 78.877)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármagnsliði ...	( 6.440)	( 2.187)	( 2.200)	8.717	( 4.734)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	757	( 3)	467	775	937
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 5.683)	( 2.190)	( 1.733)	9.492	( 3.797)
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir .....	877	1.325	1.868	0	0
Veltufjármunir .....	6.614	4.224	4.849	6.548	8.758
Handbært fé .....	44.321	42.997	49.670	45.384	38.465
Eignir samtals	51.812	48.545	56.386	51.932	47.222
Eigið fé .....	34.544	40.227	42.417	44.150	34.658
Skammtímaskuldir .....	17.268	8.318	13.969	7.782	12.565
Eigið fé og skuldir samtals	51.812	48.545	56.386	51.932	47.222